

# SAMÞYKKT

## um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi.

### 1. gr.

Hundahald í Skaftárhreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

- a) Skyld er að skrá alla hunda í Skaftárhreppi, þar með talda smalahunda á lögbýlum.
- b) Eigandi er ábyrgur fyrir hverju því tjóni sem hundur hans kann að valda.
- c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa nema smalahunda, minkahunda, dýrhunda og sporhunda, þegar þeir eru í störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í taumi úti við í fylgd með manni er hefur fullt vald yfir þeim.  
Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þótt í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.  
Þeir sem þurfa aðstoð leiðsöguhunda (blindrahunda) skal þó heimill aðgangur að opinberum byggingum og vinnustöðum öðrum en þeim sem framleiða, framreiða eða selja matvöru.
- d) Hundaeigendum er skyld að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda.  
Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds.
- e) Til að standa straum af kostnaði er leiðir af skráningu, hreinsun og eftirliti með hundum í hreppnum, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald fyrir hvern einstakan hund til hreppsjóðs.  
Upphæð gjaldsins skal ákveðin í gjaldskrá sem umhverfisstjórnun herra staðfestir.  
Eindagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí ár hvert.
- f) Sé hundeigandi undir 16 ára aldri verður honum eigi veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans samkvæmt samþykkt þessari og áriti sérstaka yfirlýsingu þess efnis.

### 2. gr.

Fyrir minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu.

Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiriháttar brot hefur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Skaftárhreppi.

Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðar ákveður hvað gert skuli við hundinn.

### 3. gr.

Allir flækingshundar sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, skulu teknir úr umferð.

Á það jafnt við um hunda sem skráðir eru í Skaftárhreppi sem og aðkomuhunda.

Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitjar ekki hundsins innan 7 daga hefur lögreglan heimild að lóga hundinum í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundeiganda.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og þeim lógað þegar í stað.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

## 4. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Skaftárhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytið, 29. maí 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

**vegna hundahalds í Skaftárhreppi árið 1995.**

## 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Skaftárhreppi, sbr. staflíð e, 1. gr. samþykktar frá 29. maí 1995 um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi, skal vera kr. 1.800 á árinu 1995.

## 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

*Umhverfissráðuneytið, 29. maí 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um afnám reglugerðar nr. 190/1991.**

## 1. gr.

Reglugerð nr. 190/1991, um (9.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu, nr. 421/1988, er hér með felld úr gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1995.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

---

*Einar Magnússon.*